



**Varðandi:** Húsfélagþjónustan - samningur 2019

**Málsnúmer:** 1810101

**Dagsetning:** 22. janúar 2019

---

### **SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS**

Á 93. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 5. desember 2018 var fjallað um drög að þjónustusamning við Húsfélagþjónstuna ehf um heimilisþrif í tengslum við félagslega heimaþjónustu/stuðningsþjónustu.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti samninginn en vísar honum til staðfestingar í bæjarráði.

---

### **GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA**

Á 93. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs þann 5. desember 2018 var fjallað um drög að þjónustusamning við Húsfélagþjónstuna ehf um heimilisþrif í tengslum við félagslega heimaþjónustu/stuðningsþjónustu.

Akraneskaupstaður hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Húsfélagþjónstuna ehf um heimilisþrif í tengslum við félagslega heimaþjónustu. Samstarfið hefur gengið vel og er vilji af beggja hálfu til að halda því samstarfi áfram. Núverandi samningur rennur út í lok árs 2018. Í drögum að nýjum samningi liggja fyrir nokkrar breytingar m.a. orðalag í ljósi breytinga á lögum um félagsþjónustu.

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Svala Hreinsdóttir  
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs